

Mánudaginn 22. desember 1969.

Nr. 8/1969. **Landssamband íslenzkra útvegsmanna f. h.
Útvegsmannafélags Reykjavíkur**
(Hafsteinn Baldvinsson hrl.)
gegn
**Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
vegna Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Öldunnar, Reykjavík**
(Jón Þorsteinsson hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Uppsögn kjarasamnings dæmd lögmæt.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 8. þ. m., af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur gegn Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands f. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmt verði, að kjarasamningur sá, sem kveðið var á með lögum nr. 2 frá 18. febrúar 1969 að gilda skyldi milli málsaðilja, verði talinn gilda eftir árslok 1969, þar til honum verði réttilega sagt upp.

Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Í byrjun þessa árs kom til kjaradeilu milli útvegsmanna og yfirmanna á fiskiskipum. Samkomulag náðist eigi og hófu yfirmennirnir verkfall um miðjan janúar. Sáttasemjari ríkisins fékk deilu þessa til meðferðar. Á sáttafundi hinn 12. febrúar s.l. lagði hann fram miðlunartillögur. Voru þær bornar undir atkvæði í félögum deiluaðilja og hlutu sam-

þykki útvegsmanna, en voru hins vegar felldar af yfirmönnum á bátaflotanum.

Með lögum nr. 2 frá 18. febrúar s.l. voru þessar sömu tillögur sáttasemjara lögfestar sem kjarasamningur milli deiluaðilja frá gildistöku laganna, en þau öðluðust þegar gildi, til ársloka 1969, þó til 1. maí 1970 að því er snertir samkomulag um söltunarlaun.

Upphaf framangreindrar miðlunartillögu hljóðar svo:

„MIÐLUNARTILLAGA

frá sáttasemjurum í málinu nr. 1/1969.

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Aldan, Reykjavík, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Kári, Hafnarfirði, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Visir, Keflavík, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, Vestmannaeyjum, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Hafþór, Akranesi, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Ægir, Siglufirði, Skipstjórafélag Norðlendinga, Akureyri, og Vélstjórufélag Íslands gegn Útvegsmannafélagi Reykjavíkur, Útvegsmannafélagi Snæfellsness, Útvegsmannafélagi Austfjarða, Útvegsmannafélagi Hornafjarðar og Djúpavogs, Útvegsmannafélagi Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélagi Suðurnesja, Útvegshændafélagi Vestmannaeyja, Útvegsmannafélagi Þorlákshafnar, Útvegsmannafélagi Akraness og Útvegsmannafélagi Eyjafjarðar og nágrennis.

Neðanskráðir samningar og samkomulög skulu gilda sem kjarasamningar milli aðilja frá samþykktardegi þessarar tillögu til ársloka 1969 og til 1. maí 1970 að því er snertir samkomulagið um söltunarlaun“.

Að öðru er miðlunartillagan í því formi, að settir eru upp sex sjálfstæðir samningar merktir I—VI og þrír kaflar merktir VII—IX. Geyma þeir hver um sig samkomulag, en svo er heiti þeirra, um sérstök atriði. Samningar I, III og V varða kjör skipstjóra og stýrimanna. Ber samningur I yfirskriftina: „Vertiðarsamningur milli Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga annars vegar og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í. hins vegar um kaup og kjör á fiskveiðum með línu, netum, þorsknót, botnvörpu, dragnót og humarvörpu“.

Samningur nr. III ber heitið: Sildveiðisamningur milli

Landssambands íslenzkra útvegsmanna vegna undirritaðra útvegsmannafélaga og undirritaðra félaga innan F.F.S.Í.

Sama form er á fyrirsögn samnings V, en hann fjallar um flutninga.

Í samningi I eru svohljóðandi ákvæði um gildistíma og uppsagnarfrest í 26. gr.:

„Samningur þessi gildir frá undirskriftardegi til 31. des. 1969. Sé honum ekki sagt upp fyrir þann tíma, framlengist hann um eitt ár í senn. Uppsagnarfrestur er 2 mánuðir, eða 1. nóv. ár hvert.

Endurskoðað skal ákvæði 11. gr. um frádráttarprósentu, ef tollur lækkar erlendis á ísvörðum fiski við að Ísland gerist aðili að EFTA. Ný frádráttarprósenta skal taka gildi þegar tollarnir lækka.

Verði breyting á lögskráðu gengi íslenzku krónunnar, er samningur þessi uppsegjanlegur með 1 mánaðar uppsagnarfresti. Uppsögn skal hafa farið fram innan 2ja mánaða frá því að gengisbreyting varð.

Brjótist ófriður út í Vestur-Evrópu, er samningur þessi uppsegjanlegur án fyrirvara.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum samhljóða og heldur hvor aðili sínu“.

Samsvarandi ákvæði um gildistíma og uppsögn eru í 19. gr. samnings III og 16. gr. samnings V.

Hinn 30. október s.l. sendi Farmanna- og fiskimannasamband Íslands svohljóðandi bréf til Landssambands íslenzkra útvegsmanna:

„Eftirtalin sambandsfélög vor: Skipstjórafélag Norðlendinga, Akureyri, Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi, Vestm.eyjum, Skipstjóra- og stýrimannafél. Hafþór, Akranesi, Skipstjóra- og stýrimannafél. Kári, Hafnarfirði, Skipstjóra- og stýrimannafél. Visir, Keflavík, Skipstjóra- og stýrimannafél. Aldan, Reykjavík, Vélstjórafélag Íslands, Reykjavík, hafa skriflega óskað eftir því við F.F.S.Í., að sambandið segi upp, fyrir þeirra hönd, gildandi kaup- og kjarasamningum, samanber lög nr. 2 frá 18. febrúar 1969, um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum, við útgerðarfélög fiskiskipanna, nánar tiltekið L.Í.Ú.

Samkvæmt því umboði leyfum vér oss hér með að segja upp núgildandi kaup- og kjarasamningum, samanber lög nr. 2 frá 18. febr. 1969 um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum, nefndra umbjóðenda vorra við Landssamband ísl. útvegsmanna, með þeim fyrirvara, sem um getur í samningum, gerðum 18. febrúar 1969, samanber lög nr. 2 frá 18. febrúar 1969 um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum, þ. e. með tveggja mánaða fyrirvara og falla því heildarsamningar úr gildi hinn 1. janúar 1970“.

Þessu bréfi svaraði L.Í.Ú. hinn 17. nóvember með svo-felldu bréfi:

„Vér vísum til bréfs yðar til vor frá 30. október s.l., þar sem þér tilkynnið oss uppsagnir viðkomandi félaga innan sambands yðar.

Þegar vér óskuðum eftir því við útvegsmannafélögin, að þau tilnefndu fulltrúa í viðræðunefnd vegna fyrirhugaðra samningaumleitana við félög yfirmanna, kom í ljós, að hin ýmsu útvegsmannafélög höfðu engar uppsagnir fengið frá viðkomandi félögum yfirmanna, og telja því samningana í fullu gildi.

Uppsögn yðar í umboði hinna ýmsu félaga í sambandi yðar hefði átt að beinast að samningsaðilum þeirra félaga, þ. e. útvegsmannafélögunum, eins og að framan getur, en þar sem þau hafa eigi fengið sendar uppsagnir, þá teljum vér sömuleiðis, að samningar milli hinna ýmsu yfirmannafélaga og útvegsmannafélaga séu í gildi“.

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands svarar aftur 27. nóvember s.l. Er þar rakin afstaða sambandsins til málsins og lýkur því svo, að Farmanna- og fiskimannasambandið líti svo á, að kjarasamningar þeir, sem lögfestir voru 18. febrúar 1969, gangi úr gildi 1. janúar 1970.

Höfðaði stefnandi því næst mál þetta, svo sem að framan greinir.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að enda þótt 1. gr. laga nr. 2/1969 lögfesti miðlunartillögu sáttasemjara sem kjarasamning milli málsaðilja til tekens tíma, þ. e. til ársloka 1969, leiði það samt sem áður af ákvæðum

þeirra samninga, sem miðlunartillagan felur í sér, um gildistíma og uppsagnarfrest, að þeir séu í gildi eftir árslok 1969 nema þeim hafi verið sagt upp með þeim fyrirvara, sem miðlunartillagan kveði á um. Þetta muni og hafa verið skoðun stefnda og því hafi hann sent uppsögn sína þann 30. október s.l. Sú uppsögn sé hins vegar ógild, þar sem hún hafi eigi verið send réttum aðila. Í upphafi miðlunartillögunnar, sem lögfest hafi verið sem samningur, séu nafngreind þau einstöku félög, sem séu aðiljar að samningum þeim, er hún geymir og hafi stefnda því borið að senda uppsögn sína beint til þeirra útvegsmannafélaga, sem þar séu talin. Landssamband íslenzkra útvegsmanna hafi ekki haft neitt umboð fyrir þeirra hönd og ekki fengið vitneskju um, að stefndi hefði látið undir höfuð leggjast að segja þeim upp fyrr en forráðamenn sambandsins hafi snúið sér til aðildarfélaga sinna í því skyni, að þau tilnefndu fulltrúa í viðræðunefnd vegna fyrirhugaðra samningaumleitana. Einstök útvegsmannafélög fari samkvæmt samþykktum sínum með kjarasamningagerð við stéttarfélög sjómanna og séu sjálfstæðir aðiljar við þá samningagerð. Beri stéttarfélögum sjómanna því bæði almennt og einnig í því sérstaka tilviki, er hér um ræði, að beina uppsögn á kjarasamningi beint til þeirra. Þetta hafi stefndi ekki gert og beri því að meta þá uppsögn, er hann sendi L.Í.Ú. hinn 30. október, ógilda, enda hafi fyrri samskipti málsaðilja um uppsagnir kjarasamninga ekki gefið stefnda réttmæta ástæðu til að treysta því, að uppsögn, sem beint væri til L.Í.Ú., yrði talin gild gagnvart aðildarfélögum þess.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að uppsögn hafi verið óþörf. Lög nr. 2 frá 18. febrúar 1969 hafi aðeins lögbundið umdeilda miðlunartillögu sáttasemjara ríkisins sem samning milli málsaðilja frá gildistöku laganna til ársloka 1969. Sé gildistíminn þannig skýrt afmarkaður. Þetta komi og beint fram í upphafsorðum miðlunartillögunnar, sem kveði svo á, að þar skráðir samningar skuli gilda sem kjarasamningar til ársloka 1969. Heldur stefnandi því fram, að hér verði að byggja á beinum ákvæðum laga nr. 2/1969,

og skipti því ekki máli, hvað standi í einstökum greinum miðlunartillögunnar um gildistíma og uppsagnarfrest.

Í öðru lagi heldur stefndi því fram sér til sýknu, að uppsögn sú, er hann af öryggisástæðum sendi Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, hafi verið gild og lögmæt uppsögn. Nefnt samband hafi á hendi forustu um kjarasamningagerð og undirriti slíka samninga fyrir hönd þeirra útvegsmannafélaga, sem séu innan samtaka þess. Hafi því verið réttmætt að beina umdeildri uppsögn til L.Í.Ú., er sé réttur aðili til að veita henni viðtöku. Bendir hann í þessu sambandi m. a. á það, að samkvæmt samþykktum hinna einstöku útvegsmannafélaga sé þeim óheimilt að gera kjarasamninga án samþykkis L.Í.Ú.

Þá heldur stefndi því og fram, að það sé föst venja í samskiptum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna, að uppsagnir af hálfu hins fyrrnefnda sambands séu sendar beint til hins síðarnefnda, en ekki til einstakra aðildarfélaga, og hafi sú aðferð aldrei sætt aðfinnslum af hálfu landssambandsins eða aðildarfélaga þess. Í þetta sinn hafi uppsögnin verið afhent 30. október kl. 1530 í hendur nafngreinds fulltrúa L.Í.Ú. á skrifstofu þess. Hafi landssambandið ekki hreyft neinum andmælum gegn móttöku hennar fyrr en 17. nóvember s.l. Hefði því þó verið í lófa lagið að mótmæla uppsögninni og synja strax fyrir heimild sína til að veita henni viðtöku, og einnig hefði sambandið tímans vegna getað í tæka tíð komið uppsögninni áfram í hendur hinna einstöku útvegsmannafélaga. Hvorugt þetta hafi landssambandið gert, svo vitað sé, og verði L.Í.Ú. þess vegna að bera hallann af því, ef það verði talið skipta sköpum um úrlausn málsins, að uppsögnin var ekki send beint til Útvegsmannafélags Reykjavíkur.

Með 1. gr. laga nr. 2/1969 voru samningar þeir, er framangreind miðlunartillaga sáttasemjara fól í sér, lögfestir sem kjarasamningar milli þeirra aðilja, er þar áttu hlut að máli. Er Félagsdómi því samkvæmt 44. gr., sbr. 6. gr. laga nr. 80/1938, rétt að dæma um ágreining þann, sem krafizt er dóms um í þessu máli.

Samkvæmt 2. gr. samþykktu Landssambands íslenzkra útvegsmanna er það m. a. markmið sambandsins, „að vera opinber málsvári fiskikaupenda“, „fjalla um kjarasamninga sambandsfélaga“ sinna og vera á verði um öll fjárhagsleg og félagsleg mál, er fiskiskipaeigendur varða. Og í 32. gr. sömu samþykktu segir, að stjórn sambandsins skuli fylgjast með öllum kaup- og kjarasamningum félaga sinna og vera þeim til aðstoðar eins og frekast er kostur. Enn segir svo í 4. gr. 1 samþykktanna, að það sé skilyrði fyrir inngöngu útvegsmannafélags í L.Í.Ú., að samþykktir þess geymi ákvæði um það, að félaginu sé heimilt að fela sambandinu samningaumleitanir og samningsgerð um kjaramál.

Þá er svo mælt í 9. gr. samþykktu Útvegsmannafélags Reykjavíkur, sem er efnisaðili þessa máls, að engir kjarasamningar, sem félagið gerir, taki gildi fyrr en að fengnu samþykki stjórnar L.Í.Ú., enda sé félaginu óheimilt að undirrita kjarasamninga án þess að gerður sé fyrirvari um slíkt samþykki. Og samkvæmt 15. gr. sömu samþykktu má ekki breyta nefndu ákvæði 9. gr. nema með samþykki stjórnar L.Í.Ú.

Þegar litið er til framangreindra atriða og málsatvika, verður að telja, að Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands hafi verið rétt og heimilt að senda Landssambandi íslenzkra útvegsmanna framangreinda uppsögn sína vegna aðildarfélaga sinna. Virðist það og hafa verið venja í samskiptum nefndra sambanda, að uppsögn kjarasamninga færi fram með þeim hætti. Er uppsögn stefnda frá 30. október s.l. samkvæmt þessu gild gagnvart Útvegsmannafélagi Reykjavíkur. Ber þegar af þessari ástæðu að taka sýknukröfu stefnda í máli þessu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Landssambands íslenzkra út-

vegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 30. desember 1969.

Nr. 6/1969. **Alþýðusamband Íslands vegna Málm- og skipasmíðasambands Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Meistarafélags járníðnaðarmanna f. h. Stálvíkur h. f., Garðahreppi

(Björgvin Sigurðsson hdl.).

Dómarar:

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds.
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Verkbann dæmt lögmætt. Sýknað af bótakröfu.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands vegna Málm- og skipasmíðasambands Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík gegn Vinnuveitendasambandi Íslands vegna Meistarafélags járníðnaðarmanna f. h. Stálvíkur h/f, Garðahreppi, með stefnu, dags. 12. maí þ. á.

Dómkröfur stefnanda eru þær:

að verkban, sem stefndi tilkynnti 2. maí s.l., verði dæmt ölögmætt,

að stefndi verði dæmdur í hæfilega sekt fyrir brot á lögum nr. 80/1938,